

# HEIMSPEKI Í LEIK- OG GRUNNSKÓLUM: FYRSTU SKREFIN NÁMSKEIÐ Á VEGUM ÞRÓUNARVERKEFNIS UM HEIMSPEKIKENNSLU Í GARÐABÆ

---

Þróunarhópur um heimspekilega samræðu í Garðabæ og heldur námskeið í Garðaskóla 9.-10. mars. Þar mun sænski heimspekikennarinn Liza Haglund fjalla um hlutverk heimspeki í leik- og grunnskólum og unnin verða verkefni sem henta í kennslu barna og unglunga.

Liza Haglund kennir við Södertörns Högskola í Stokkhólmi og hefur víðtæka reynslu í heimspekikennslu með börnum, unglungum og kennurum. Hún undirbýr nú stofnun skóla í Stokkhólmi þar sem heimspekileg samræða verður í lykilhlutverki í öllu starfi, sjá nánar á [www.filosofiska.nu](http://www.filosofiska.nu).

Námskeiðið í Garðaskóla hefst á fyrirlestri um heimspeki í skólastarfi og er hann öllum opin. Á dagskránni er síðan verkefnavinna og samræður þátttakenda og verður sérstök áhersla lögð á vinnubrögð sem henta vel í kennslu yngri barna.

## DAGSKRÁ

---

### **Föstudagur 9. mars:**

- 13.00 Gestir á fyrirlestri og námskeiði boðnir velkomnir
- 13.15 Liza Haglund – opunarfyrirlestur: Children's rights to think together - philosophy for children in multiple dimension of education
- 14.00 Umræður um fyrirlestur Lizu Haglund
- 14.30 Kaffihlé
- 15.00 Námskeið Lizu Haglund hefst í stofu 301: The very start- An inquiry that anyone can do
- 17.00 Samantekt í lok dagsins

### **Laugardagur 10. mars:**

- 9.00 Námskeið Lizu Haglund heldur áfram: Beyond anecdotes -What to do in order to deepen the discussions
- 10.30 Kaffihlé
- 11.00 Málstofa um heimspeki í leik- og grunnskólum (öllum opin):
  - Liza Haglund
  - Helga María Þórarinsdóttir (leikskólakennari á Akureyri)
  - Guðbjörg Guðjónsdóttir (leikskólakennari í Garðabæ og fyrrum leikskólastjóri í Foldaborg)
  - Kristjana Fjóra Sigursteinsdóttir grunnskólakennari í Garðabæ
- 12.00 Matarhlé
- 12.30 Samræða um kynningar Lizu, Helgu Maríu, Guðbjargar og Kristjónu Fjólu
- 13.30 Námskeið Lizu Haglund heldur áfram: The meaning of meaning- practical work on ambiguous and vague concepts
- 14.30 Kaffihlé
- 14.45 Námskeið Lizu Haglund heldur áfram: Inquiry into practicalities - what are our hinders?
- 16.00 Námskeiðslok

# OPINN FYRIRLESTUR UM HEIMSPÉKILEGA SAMRÆÐU Á ÖLLUM SKÓLASTIGUM

## FRÉTTATILKYNNING

Liza Haglund kennari við Södertörns Högskola í Stokkhólmi heldur fyrirlesturinn „Réttur barna og unglunga til að hugsa saman – heimspekileg samræða á öllum sviðum menntunar“ föstudaginn 9. mars kl.13.00.

Liza Haglund hefur víðtæka reynslu í heimspekikennslu með börnum, unglingum og kennurum. Hún undirbýr nú stofnun skóla í Stokkhólmi þar sem heimspekileg samræða verður í lykilhlutverki í öllu starfi, sjá nánar á [www.filosofiska.nu](http://www.filosofiska.nu). Í kjölfar opna fyrirlestursins mun Liza kenna námskeið sem 30 kennarar í leik-, grunn- og framhaldsskólum taka þátt í helgina 9.-10. mars. Á námskeiðinu fá kennarar þjálfun í heimspekilegri samræðu sem er kennsluaðferð sem svarar kalli nýrrar menntastefnu í lýðræðisleg vinnubrögð, læsi í víðum skilningi, sjálfbærni, jafnrétti og sköpun. Heimspekilega samræðu má flétta inn í kennslu allra námsgreina til að dýpka og aga umræðu og hugsun nemenda um þau viðfangsefni sem þeir fást við í skólanum.

Það er þróunarhópur um heimspekilega samræðu í Garðabæ og stendur fyrir fyrirlestrinum og námskeiðinu í Garðaskóla. Hópurinn er styrktur af Sprotasjóði Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Félagi heimspekikennara.

Fyrirlesturinn er öllum opin og fer fram á ensku. Fyrirlestur og umræður í kjölfar hans fara fram í stofu 301 í Garðaskóla Garðabæ kl. 13.00-14.30.

### Útdráttur úr fyrirlestri Lizu Haglund:

Eitt af markmiðum heimspekikennslu fyrir börn og unglunga er að efla gagnrýna og skapandi hugsun. Þessu er haldið fram á þeirri forsendu að iðkun heimspekinnar þjálfar hugsunina og læsi í víðum skilningi. Að mati Matthew Lipman frumkvöðuls í heimspeki með börnum er það markmið heimspekinnar að gera reynsluna af skólastarfinu öllu merkingarbærara en ella. Skólinn á að vera merkingarbær en honum hefur ekki tekist það.

Nemendur geta íhugað heimspekilega fjölmarga þætti innan þeirra námsgreina sem þeir stunda í skólum. Í sögukennslu geta nemendur t.d. rökrætt að hvaða marki söguleg greining geti verið hlutlæg. Svipaðra spurninga má spyrja í félags- og náttúruvísindum, t.d. spurninga um að hvaða marki vísindin séu góð fyrir okkur. Heimspeki með börnum og unglingum er þar að auki nýtt sem tæki til að byggja upp skilning og merkingarbæra reynslu nemenda. Ástundun heimspekilegrar samræðu skapar reynslu þar sem nemandinn skilur sjálfan sig betur og stöðu sína í samfélaginu og þar með hefur heimspekikennsla siðferðilegt hlutverk.

Í fyrirlestrinum verður vísað í dæmi úr rannsóknum á hugtakapróun og úr nýlegu þróunarverkefni í siðferðismenntun (values education) til að leggja upp umræðu um hvernig ástundun heimspekinnar getur átt sér stað á öllum sviðum menntunar.